



Viðstaddir

10.01.2024

Páll B. Guðmundsson

PBG

SSH

15239

Ásthildur Helgadóttir

ÁH

Kópavogur

Fundarritari

Þorvaldur Daníelsson

ÞD

Form Skíðasvæðanna

EKS / einar@vso.is

Magnús Árnason

MÁ

Skíðasvæðin

Guðmundur Sverrisson

GS

Hafnarfjörður

Einar K. Stefánsson

EKS

VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir

Ómar Einarsson

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur fimmtudaginn 10.01.24 kl. 12:00.

1 Síðasta fundargerð

Samþykkt.

2 Fjárhagsstaða og framkvæmdaáætlanir

Allir reikningar vegna ársins 2023 eru komnir í hús, en nokkrir reikningar eru ógreiddir. Heildarkostnaður ársins er um 1.287 m.kr. eða 39 m.kr. undir fjárhagsáætlun 2023, háð gengi á greiðsludegi þeirra reikninga sem enn á eftir að greiða. Yfir ármót frestast greiðslur frá Veitum fyrir afnot spennarýmis upp á 10.6 m.kr. og kostnaður við öryggisgirðingu forðalóns upp á um 6.5 m.kr. Alls er þá niðurstaðan um 43 m.kr undir áætlun ársins 2023.

Unnið er að gerð minnisblaðs um verkefnalegt og fjárhagslegt uppgjör þeirra framkvæmda sem unnið hefur verið að í Bláfjöllum.

Lóðarleigusamningur Skíðasvæðanna við Kópavog og Forsætisráðuneyti er í þinglýsingarferli og sama gildir um samning Skíðasvæðanna og Veitna um afnot og greiðslur fyrir spennarými.

Í næsta ári er í samþykktum SSH teknar frá 250 m.kr. í uppbyggingu skíðasvæðanna. Af því fer um 233 m.kr í uppgjörsgreiðslu til Doppelmayr, en 17 m.kr til undirbúnings og áætlanagerðar vegna næstu verkefna í Skálafelli og annara tilfallandi verkefna sem tengjast framkvæmdum á skíðasvæðunum.

3 Snjóframleiðsla 1. áfangi

Verkið var afhent í lok nóvember 2023. Fyrstu vikurnar kom ýmislegt smálegt upp á, en var lagfært jafnóðum. Kerfið hefur síðustu skipti keyrt án vandræða.

Í úttekt 08.12.23 voru gerðar athugasemdir við allmörg smávægileg atriði. Sum þeirra er búið að lagfæra, en fresta þarf öðrum lagfæringum til sumarsins 2024.

⇒ Búið er að gera verkið upp, en verktrygging vegna ólokinna lagfæringa er í gildi.

4 Lyftur – Gosi/Drottning

Í úttekt 08.12.23 voru gerðar athugasemdir við þrjú atriði, þar veigamest leki á lyftuvarðaraðstöðu við toppstöðvar beggja lyfta. Ráðist verður í lagfæringar sumarið 2024.

- ⇒ Búið er að gera verkið upp, en verktrygging vegna ólokinna lagfæringa er enn í gildi.

5 Ullarskáli

Í lok síðasta árs barst erindi frá Gönguskíðafélaginu Ulli til SSH og Skíðasvæðanna, þar sem óskað var eftir kostnaðarþátttöku vegna byggingu nýs skíðaskála félagsins. Var þar m.a. vísað til þess að staðsetning salerna hefði valdið Ulli kostnaðarauka.

- ⇒ EKS hefur tekið saman greinargerð um málið sem tekin verður til skoðunar og málið rætt nánar á næsta fundi.

6 Skálafell

Á vettvangi SSH hefur verið ákveðið að fresta framkvæmdum í Skálafelli um 2-3 ár. Verkefnahóp er falið er yfirfara og rýna allar áætlanir og gera tillögur að framkvæmdaáætlun.

7 Næsti fundur

PBG mun boða næsta fund miðvikudaginn 07.02 kl. 10:00.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn